

# Heimahópur 16.janúar 2025

## Skírnin

- Mikilvægt skref sem ætti að taka strax!
  1. Gjörð iðrun og látið skírast hver og einn í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar synda yðar; þá munuð þér öðlast að gjöf heilagan anda. (Post 2:38)
  2. Satan búið að afbaka með t.d. barnaskírn, skírn í titlum en ekki nafninu Jesú.
  3. Jóh 17. kafli. Nafn Guðs. Vers 6 & 11

## Snúa til baka, alla leið til baka til Postulasögunnar

- Við þurfum að vakna fyrir alvöru!
- Það er búið að skipta út sannleika fyrir lygi
- Það heyrir varla lengur að það sé þörf á að iðrast, fasta, helga sig, taka krossinn
  1. Kírkjaldirnar (Laódíkeu öldin orðin hálfvolg - dæmi um vinnumann)
  2. Ekki kemur maður syndarinnar fyrr en fráfallið kemur fyrst (2.Pess 2:3)
  3. Lögleysi magnast og mun kærleikur flestra mun kólna (Matt 24:12)
  4. Mennirnir verða sérgóðir, elskandi munaðarlífið meira en Guð. (2.Tím3:2)

## Jer 6:16

*Svo mælti Drottinn: Nemið staðar við vegina og litist um og spyrjið um gömlu göturnar, hver sé hamingjuleiðin, og farið hana, svo að þér finnið sálum yðar hvíld. En þeir sögðu: Vér viljum ekki fara hana.*

## Drekið yður ekki drukna af víni

- Eitur sem leiðir til spillingar, deyfir skilningarvitin og hleypir djöflinum inn. (Efe 5:18)
- Augu þín munu sjá kynlega hluti og þú mæla fláræði (Orðskv. 23:31-35)

## Heilagur andi (Förum aftur til baka)

- Þá munum vér öðlast að gjöf Heilagan anda og kraft (Post 1:8)
- Hann er pantur, innsiglið, öryggi þess að við erum Guðs. (Efes 1:13-14) (2.Kor 1:22)
- Hryggjum ekki Guðs heila andas sem við erum innsigluð með (Efe 4:30)
- Allt verður mönnum fyrirgefið nema að lastmæla gegn Heilögum anda (Mar 3:28)

## Mesti bardaga allra tíma

- Ekki barátta við menn af holdi og blóði, heldur við tignirnar og völdin, við heimsdrottna þessa myrkurs, við andaverur vonsk. í himingeimnum (Efes 6:12)
- Máttug vopn Guðs til að brjóta niður vígi (2.Kor 10:4)
  1. Orð Guðs er okkar aðalvopn, þurfum að eta það daglega
  2. Nafnið Jesú á vörum okkar með lífi sem er samboðið iðrunninni (Fil 1:27)
  3. Líf í auðmýkt og kærleika, fyrirgefningu, að meta náungann meira en okkur sjálf, í þjónustu og gera köllun okkar og útvalningu vissa. (Jak 4:6)
  4. Kenning Bíleams, ranglætislaun, tæling sem leiðir til dóms sbr. (Opb 2:14)
  5. Í hlýðni, óhlýðni getur haft skelfilegar afleiðingar. (4. Mós 22:22)

## Guðs ríki er þegar yfir okkur komið

- Við getum lifað í fullkomnum sigri hér á jörðinni í Kristi
- Jesús talaði um að gera iðrun því Himnaríki væri í nánd
- Guðs ríkið er innra með okkur þegar við höfum fengið Heilagan anda (Lúk 17:21)
- Raunverulegt andlegt ríki sem mun koma en er einnig hér núna innra með okkur.
  1. Það er fullkomnað (Jóh 19:30)
  2. Okkur er gefið vald yfir öllu óvínarins veldi (Lúk 10:19)
  3. Engin vopn smíðuð gegn okkur munu verða sigurvænleg. (Jes 54:17)
  4. Mun eitthvað geta gert okkur viðskila við kærleika Krists (Róm 8:35-39)
  5. Þótt þusund falli þér við hlið og tíu þúsund þér til hægri handar (Sálm 91)

## Að lifa í andanum / ávextir andans / sönnun að við höfum fengið andann

- Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá. (Matt 7:20)
- *Lifið í andanum, og þá fullnægið þér alls ekki girnd holdsins. -17- Holdið girnist gegn andanum, og andinn gegn holdinu. Þau standa hvort gegn öðru, til þess að þér gjörið ekki það, sem þér viljið. -19- Holdsins verk eru augljós: Frillulífi, óhreinleiki, saurlífi, -20- skurðgoðadýrkun, fjölkynngi, fjandskapur, deilur, metingur, reiði, eigingirni, tvídrægni, flokkadráttur, -21- öfund, ofdrykkja, svall og annað þessu líkt. Og það segi ég yður fyrir, eins og ég hef áður sagt, að þeir, sem slíkt gjöra, munu ekki erfa Guðs ríki. -22- En ávöxtur andans er: Kærleiki, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, -23- hógvæð og bindindi. Gegn slíku er lögmálið ekki. (Gal 5:16-23)*

## Hvaða gjald er ég að tala um að við þurfum að greiða

- Lúk 14:27 & 33 / Matt 13:18 – Sæði sáð og mismunandi ávöxtur.
- Gjaldið fyrir kraftaverkakraft Guðs, umboð frá Drottni
- Guð sem verkar í okkur að vilja og framkvæma sér til velpóknunar (Fil 2:13)
- Jónas reyndi að flýja frá köllun sinni – Minn vitnisburður (Jónas 1:4)
- *Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðs gjöf. -9- Ekki byggt á verkum, enginn skal geta miklast af því. (Efe 2:8-9)*

## Síðari Kroníkubók 16:9

*Því að augu Drottins hvarfla um alla jörðina, til þess að hann megi sýna sig máttkan þeim til hjálpar, sem eru heils hugar við hann.*

## Jóh 4:23-24

*En sú stund kemur, já, hún er nú komin, er hinir sönnu tilbiðjendur munu tilbiðja föðurinn í anda og sannleika. Faðirinn leitar slíkra, er þannig tilbiðja hann. -24- Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann, eiga að tilbiðja í anda og sannleika.*

## Launin

- Því svo elskaði Guð heiminn, að Hann gaf son sinn eingetinn, (Jóh 3:16)
- Pétur spurði við yfirgáfum allt, hvað munum vél hljóta? (Mat 19:27, Lúk 18:29-30)
- Gleymi því sem að baki og keppi að markinu, verðlaunin á himnum (Fil 3:14)
- Sá sem gefur lærisvein vatn að drekka, ekki missa af launum sínum. (Mar 9:41)
- Ég kem skjótt og launing hef ég með mér, dæmd eftir verkum okkar (Opb 22:12)
- Hudraðfaldur, sextugfaldur eða þrítugfaldur ávöxtur. (Matt 13:8)
- Bob Jones, Final Quest (Það eina sem Jesús spurði um var lærðir þú að elska.)
- Sá er sigrar (Kirkjualdirnar)
- Sá sem vill verða mestur í Himnaríki, auðmýki sig eins og barn, sé þjónn allra. (Mar 9:35)
- Fyrri upprisan og Nýja Jerúsalem (Opb 20:4-6 & Opb 21:22-27)

## Boðið til föstu

- Upprifjun á síðustu vikum og minn vitnisburður af því að fasta reglulega.
- Snúið ykkur til mín með föstum, stofnið til helgrar föstu (Jóel 2:12 & 15)
- Þriggja daga vatnsfasta fyrir þá sem treysta sér til þann 27.-30.jan nk.

## Final Quest

### The Great hall

- Hásæti Drottins og gangan í átt að því var eins og það tæki marga daga eða jafnvel á en það var allt í lagi því tími var afstætt hugtak þarna.
- Fjöldi af fólki til vinstri og hægri, friður og öryggi yfir þeim var yfirnáttúrulegt.
- Þú ert einn af þeim sem er að berjast í loka stríðinu, allir hér þekkja þig sem og alla þá sem eru núna að berjast á jörðunni. Við sjáum allt sem þið eruð að gera. (Heb 12:1)
- Ef ég hefði vitað það sem ég veit núna, hefði ég ekki lifað eins á jörðunni. Bls. 96
- Mantel of Humility eða skykkja auðmýktar er hæðsta í vitorðastiganum.
- Minnstur í himnaríki og mestur í himnaríki (5:19)
- Launin hér er staða okkar á himnum í eilífðinni.
- Fávísu meyjarnar, við trúðum og treystum á Krossinn en lifðum eigingjörnu lífi. Bls 98
- Sá mann sem hann hafði þekkt á jörðunni og metið mjög mikils í Guðsríkinu.
  - Galli í mér sem ýtti mér frá, en einnig óöryggi hjá honum sem ýtti frá.
- Alltaf sá sem er meiri sem þarf að leggja niður líf sitt fyrir þann sem er minni.
- Einn af mestu leiðtogum allra tíma í flokki fávísu meyjanna. Bls. 104
  - Páll undir lok líf síns, leit jafnvel á sig sem mesta syndarann, öfugt við þennan.
- Sönn greining og að dæma ekki fyrir tímann. Bls. 107
- Fleiri menn sem álitnir voru miklir á jörðu en litu of stórt á sjálfan sig. Rithöfundar, endurreisnarmenn sem höfðu áhrif á söguna, miklir trúboðar og fl. sem höfðu fallið í hroka, losta, biturleika, vonbrigði og fl. (Þeir sem sigruðu, nr. 1 að elska og þjóna Jesú)

Þegar ég hugsaði um þetta, horfði hann vandlega á mig. Síðan hélt hann áfram, „Það eru tveir aðrir hlutir sem við náðum á okkar tíma sem glötuðust mjög hratt af kirkjunni og þeir hafa ekki verið endurheimtir. Þið verðið að endurheimta þá.“

„Hverjir eru þeir?“ spurði ég og fannst eins og hann væri að fara að segja eitthvað meira en bara viðauka við það sem hann hafði þegar sagt.

„Þið verðið að endurheimta þjónustuna og boðskapinn,“ sagði hann með mikilli áherslu. Ég leit á Drottinn og Hann kinkaði kolli í samþykki og bætti við, „Það er rétt að Páll skyldi segja þetta við þig. Fram að þessu hefur hann verið sá trúfastasti með þetta tvennt.“

„Gerðu það að útskýra,“ bað ég Pál.

„Allt í lagi,“ sagði hann. „Nema á örfáum stöðum í heiminum þar sem eru miklar ofsóknir og erfiðleikar núna, getum við varla greint þjónustuna eða boðskapinn sem verið er að boða í dag. Þannig að kirkjan er aðeins eins og tálsýn miðað við hvernig hún var á okkar tíma og við vorum langt frá því að vera allt sem við vorum kallaðir til. Þegar að við þjónuðum, verandi í þjónustu var mesta fórn sem nokkur gat gefið og þetta endurkastaði boðskap mestu fórnar sem var gefinn – Krossinn. Krossinn er kraftur Guðs og hann er miðpunktur alls sem við erum kölluð til að lifa eftir. Þið hafið svo lítinn kraft til þess að umbreyta hugum og hjörtum lærisveinanna núna vegna þess að þið lifið ekki og predikið ekki krossinn. Þar af leiðandi eigum við í erfiðleikum með að sjá mikinn mun á lærisveinunum og heiðingjunum. Þannig á ekki fagnaðarindið eða lausnin sem okkur var treyst fyrir að líta út. Þið verðið að snúa aftur til Krossins.“